

Fundur Foreldrafélags Árskóla 18.10 2011

1. Fundur þessa skólaárs.

Mætt eru: Sigríður Margrét, Hulda, Kári og Ásta.

-Ákveðið var að stjórn skipti þannig með sér verkum: Sigríður Margrét verður áfram formaður, Hulda verður áfram ritari og fulltrúi grenndarsamfélagsins inn í skóaráð, Lilja mun taka við sem gjaldkeri og meðstjórnendur verða þá Kári, Þröstur, Ásta og Erla.

-Formaður Leikfélags Sauðárkróks kom að máli við Sigríði M. og falaðist eftir áframhaldandi samvinnu og mun Foreldrafélagið niðurgreiða 1200 kr. á leiksýningu félagsins **Allt í plati** fyrir nemendur í 1.-3. bekk. Foreldrar verða þá sjálfir að greiða 500 kr.

-Ákveðið var að kannað yrði hjá Margrétu námsráðgjafa frekar þörfin á Easy-Tutor lestrarforriti. Verður svo tekin ákvörðun í framhaldi af því hvort félagið eigi að standa fyrir kaupum á því.

-Áætlað er að halda fund með öllum tengiliðum skólans og kynna fyrir þeim starf tengiliða/bekkjafulltrúa. Ætlunin er að hafa Óskar með á þeim fundi. Að öllu óbreyttu ætti hann að geta orðið þann 31. okt. Kl. 20 en þó er það ekki alveg niðurneglt heldur ákveðið að vera í sambandi í komandi viku varðandi það.

-Fleira ekki rætt og fundi slitið.

Hulda B. Jónsd.